Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1827
DAGSETNING komudagur 28.4.2010 TILVÍSUN

Alþingi, félags- og tryggingamálanefnd
vt. Hildur Eva Sigurðardóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. apríl 2010 02-2010041021
T-ums 24/10

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um húsaleigubætur - 554. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 23. apríl 2010 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um húsaleigubætur - 554. mál.

Frumvarpið kveður annars vegar á um að bráðabirgðaákvæði V og VI í lögum um atvinnuleysistryggingar gildi áfram til 31. desember 2010 og hins vegar að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr séreignalífeyrissjóðum á grundvelli laga nr. 129/1997, skerði ekki atvinnuleysisbætur.

Það er mat ríkisskattstjóra að ekki sé tilefni til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Skúli Eggert Þórðarson

Guðrún J. Jónsdóttir